



## Neyslumynstur Íslendinga að breytast?

*Eldsneytis- og bílakaup dragast saman en fataverslun eykst.*

Líkt og fram hefur komið í fyrri Hagsjám<sup>1</sup> Hagfræðideildar hefur hægt verulega á kortaveltu Íslendinga og benda gögn Seðlabankans til þess að samdráttur milli ára í ágúst sé sá mesti síðan í júní 2013. Rannsóknarsetur Verslunarinnar (RSV) greinir kortaveltu eftir útgjaldaliðum og getur reynst áhugavert að sjá hvernig neyslumynstur Íslendinga hefur verið að þróast á sama tíma og samdráttur gerir vart við sig.

Velta í þeim útgjaldaliðum sem tengjast rekstri bifreiða drógust verulega saman milli ára í ágúst, en dregið hefur úr bílainnflutningi á árinu. Einnig sjáum við breytingar í verslunarmynstri landsmanna í takt við færri utanlandsferðir. Tollfrjáls verslun dregst saman á sama tíma og einstaka liðir verslunar, svo sem velta í innlendum fatabúðum eykst.


### Í hvað eyða landsmenn?

Stærsti hluti innlendarar kortaveltu í ágúst fór til verslunar eða rúmlega helmingur. Verslun hefur allt frá upphafi mælinga hjá RSV, sem var í mars 2017, verið stærsti útgjaldaliður kortaveltunnar. Næst stærsta liðnum eða 18% veltunnar í ágúst var varið til kaupa á ýmissi þjónustu, og var þjónusta tengd fjármála- og tryggingarstarfsemi þar fyrirferðamest. Þriðji stærsti útgjaldaliður Íslendinga í ágúst var kaup á eldsneyti og útgjöld tengd viðhaldi og viðgerðum bifreiða.

### Minna um eldsneytiskaup


Ef litið er til breytinga frá því í ágúst í fyrra hefur velta dregist hlutfallslega mest saman í þeim lið sem tengist bifreiðum, þ.e.a.s. kaupum á eldsneyti og viðgerðarþjónustu bifreiða, eða alls um 13% að raunvirði. Eldsneytiskaup drógust saman um 3% en viðgerðir og viðhald bifreiða um 24%. Minna viðhald bifreiðar er ef til vill vísbending um að bílafлотinn sé að yngjast.

Samsetning innlendarar kortaveltu í ágúst



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta eftir helstu útgjaldaliðum í ágúst



Raunbreyting milli ágúst 2019 og ágúst 2018. Velta raunvirt með VNV án húsnæðis.

Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

<sup>1</sup> Sjá til dæmis: <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-09-16-kortavelta.pdf>



Til samanburðar höfðu þessir liðir aukist um samtals 7% í ágúst í fyrra frá árinu þar á undan, þar af eldsneytiskaup um 13%. Aukin umhverfismeðvitund og hagkvæmni í rekstri hefur aukið eftirspurn eftir rafbilum og eru minnkandi eldsneytiskaup staðfesting á því.

Velta í bílasölu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum segir svipaða sögu, alls dróst hún saman um 22% að raunvirði milli ára á tímabilinu maí til og með júní en veltan hefur minnkað samfleytt frá vormánuðum 2018.

Aðrir liðir sem drógust einnig saman í ágúst, þó ekki jafn mikið, voru útgjöld til verslunar<sup>2</sup> og þjónustu. Þetta eru sem fyrr segir stærstu útgjaldaliðir í kortaveltu Íslendinga og er sú niðurstaða óbreytt þrátt fyrir samdrátt.

### Mest verslað í stórmörkuðum og í dagvöruverslunum


Velta ágústmánaðar innan verslana var mest í stórmörkuðum og í dagvöruverslunum og er það í takt við mælingar fyrri mánaða, að meðaltali hefur um 40% af verslun landsmanna farið fram í slíkum verslunum. Áfengisverslanir voru með 8% veltunnar sem er sama hlutfall og byggingavöruverslanir.

### Færri verslunarferðir til útlanda

Mesti samdráttur einstakra undirliða verslunarinnar var í tollfrjálsri verslun sem dróst saman um 7% að raunvirði milli ára í ágúst. Þetta kemur ekki á óvart þar sem brottfarir Íslendinga um Leifsstöð í ágústmánuði voru 14% færri en á sama tíma fyrir ári síðan og má gera ráð fyrir að megnið af tollfrjálsri verslun fari fram á Keflavíkurflugvelli. Þessi liður er þó afar lítill hluti af versluninni í heild sinni eða í kringum 2%, og áhrifin af samdrætti því óveruleg.

Í ágúst jókst velta í fataverslunum að raunvirði um 14% milli ára sem er mesti vöxtur á meðal undirliða verslunar milli tímabila. Færri utanlandsferðir gætu haft hér áhrif þar sem landsmenn eru ef til vill að kaupa í auknum mæli föt hér á landi sem annars hefðu verið keypt í verslunarferðum erlendis. Það ber þó að nefna að 12 mánaða vöxtur hefur verið myndarlegur í fataverslunum allt frá vormánuðum 2018 og gæti innkoma stórra erlendra fatakeðja á íslenskan markað á borð við H&M hafa haft einhverv áhrif.


Samsetning innlestrar kortaveltu í verslunum í ágúst



- Stórmörkaðir og dagvöruverslanir
- Áfengisverslanir
- Byggingavöruverslanir
- Fataverslun
- Versl. með heimilisbúnað
- Raf- og heimilistækjaverslanir
- Lyfja-, heilsu- og snyrtivörur
- Annað

Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta eftir tegund verslunar í ágúst



Raubreyting milli ágúst 2019 og ágúst 2018. Velta raunvirk með VNV án húsnæðis.  
Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>2</sup> Í Hagsjá septembermánaðar um kortaveltu var vísað til gagna Seðlabanka Íslands um kortaveltu í verslunum innanlands. Þær tölur eru aðrar en tölur RSV um veltu í sama mánuði. Báðar heimildir benda þó til samdráttar að raunvirði.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.